

8. gr.

103

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að 200 kr., sem renna í sveitar-sjóð. Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem opinbert lögglumál.

12. sept.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

104

um sýsluvegin „Suðureyrarveg“ í Suðureyrarhreppi.

12. sept.

1. gr.

Suðureyrarvegur í Suðureyrarhreppi nær frá 10 m. innan við Suðureyrar-kauptún að þjóðveginum á Dagverðardal (Breiðadalsheiðarvegi).

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Suðureyrarhrepp.

3. gr.

Suðureyrarveg skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt, sem unnt er, og skal hann gerður undir umsjón og eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegarkostnaðarins, sem ekki fæst greiddur úr ríkissjóði, greiðist þannig:

- a. Sveitarsjóður Suðureyrarhrepps greiði að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta hans.
- b. $\frac{1}{3}$ hluti greiðist úr sýslusjóði, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til. Auk þess skal áætla sérstakt framlag úr sýslu-sjóði er til vegaframkvæmda kemur á Botnsheiði eða í Botnsdal.

5. gr.

Tillag Suðureyrarhrepps til vegarins skal sveitarstjórn taka upp í fjárhags-áætlun hreppsins þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá hve mikið skuli leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að annast um framkvæmdir á vega-lagningunni, ef ekki er annað tilskilið af vegamálastjóra.

104 Verkakaup í vinnunni við veginn greiðir Suðureyrarhreppur samkvæmt
12. sept. þeim kaup-taxta, er gildir um vegavinnu rikissjóðs, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram reikning með fylgiskjölum yfir allar greiðslur til vegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 200.00, sem renna í sveitarsjóð.

Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

105

12. sept.

SAMÞYKKT**um sýsluveginn í Flateyrarhreppi.**

1. gr.

Sýsluvegurinn í Flateyrarhreppi er í samþykkt þessari nefndur sýsluvegurinn frá Breiðadalsá að verzlunarlóð Flateyrarkauptúns.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Flateyrarhrepp.

3. gr.

Sýsluveg þennan skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt sem unnt er, og skal hann gerður eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegarkostnaðarins, sem ekki fæst úr rikissjóði, greiðist þannig:

- a. Sveitarsjóður Flateyrarhrepps greiði að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta hans.
- b. $\frac{1}{3}$ hluti greiðist úr sýslusjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.